



# SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
Nefndasvið - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Selfossi 7. október 2015

Efni: Umsögn stjórnar SASS um frumvarp til laga um náttúruvernd (varúðarregla, almannaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.), 140. mál.

Stjórn SASS tekur undir umsögn sveitarfélagsins Árborgar sem fram kemur í bréfi til nefndarinnar og dagsett er 1. október sl., sbr. viðhengi.

Stjórnin leggur áhersla á að farið verið eftir ábendingum sveitarfélagsins Árborgar.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri

Selfossi, 1. október 2015  
1509183

Alþingi, umhverfis- og samgöngunefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

*Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd (varúðarregla, almannaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.) 140. mál*

Sveitarfélagið Árborg fékk til umsagnar frumvarp til laga um náttúruvernd frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hinn 24. september s.l. Eftirfarandi er umsögn sveitarfélagsins um a-lið 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins:

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um 20. gr. núgildandi laga sem verður 22. gr. nái frumvarpið fram að ganga. Efni a-liðar 1. mgr. 10. gr. varðar heimild til að tjalda í byggð. Er þar kveðið á um að heimilt sé við alfaraleið í byggð að tjalda til einnar nætur á óræktuðu landi tjöldum sem ætluð eru til gistingar, en leita skuli leyfis landeiganda eða annars rétthafa áður en tjaldað er nærri bústöðum manna eða bæ og ætíð ef um fleiri en þrjú tjöld er að ræða eða ef tjaldað er til fleiri en einnar nætur.

Á síðustu árum hafa sveitarfélögin í landinu og ýmsir landeigendur aðrir staðið fyrir mikilli uppbyggingu tjaldsvæða til að mæta síauknum straumi ferðamanna um landið sem kjósa að ferðast með tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi eða húsbíla af ýmsu tagi. Á flestum stöðum í byggð er greiður aðgangur að slíkum svæðum og gjaldtaka er alla jafna hófleg. Með hliðsjón af þessari uppbyggingu telur Sveitarfélagið Árborg það tímaskekkju að hafa áfram í lögum viðtæka heimild sem þessa til að tjalda á óræktuðum svæðum í byggð.

Á allra síðustu mánuðum hefur þess orðið vart í síauknum mæli að ferðafólk skilur eftir sig úrgang af ýmsu tagi, ekki síst við staði í byggð þar sem auðvelt er að koma fyrir tjaldi eða ferðabíl (s.k. „camper“) en salernisaðstaða eða ruslatunnur eru ekki til staðar. Kostnaður við að hreinsa úrgang eftir ferðamenn við áningarstaði af ýmsu tagi fellur á sveitarfélögin og aðra landeigendur. Oftar en ekki eru vel búin tjaldsvæði skammt undan, en ferðamenn kjósa eftir sem áður að haga ferðum sínum með þessum hætti. Ef gerðar eru athugasemdir við slíkt háttalag af hálfu landeigenda er viðkvæðið gjarnan það að viðkomandi hafi verið tjáð að það mætti tjalda nánast hvar sem er. Mörg sveitarfélög hafa sett ákvæði í lögreglusamþykktir þess efnis að óheimilt sé að tjalda utan tjaldsvæða en eðli málsins samkvæmt kynna ferðamenn sér ógjarnan ákvæði slíkra samþykktu, enda ekki alltaf meðvitaðir um sveitarfélagamörk. Hugtakið „hefðbundin viðlegutjöld“ í gildandi lögum („tjöld til gistingar“ í frumvarpinu) hefur verið túlkað þannig að það næði til hefðbundins viðlegubúnaðar sem hefur þróast frá því að vera tjöld úr taui/gúmmídúk yfir í tjöld á hjólum (tjaldvagna/fellihýsi/hjólhýsi) og virðist þróunin vera sífellt meira í þá átt að ferðamenn nýti húsbíla og litla ferðabíla (s.k. „camper“) til að ferðast um landið. Það hvað teljast vera hefðbundin tjöld breytist því í árunna rás.

Ferðamenn sem fara um land í byggð ættu í öllum tilvikum að geta komist í náttstað á skipulögðu tjaldsvæði, enda flestir akandi, og því með öllu óþarft að veita

svo víðtæka heimild til að slá upp tjaldbúðum í byggð sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hætt er við spjóllum á viðkvæmri náttúru og reynslan hefur sýnt að óþrifnaður getur fylgt slíku.

Sveitarfélagið Árborg beinir því til nefndarinnar að heimild til að tjalda í byggð verði þrengd verulega og bundin við skipulögð tjaldsvæði, nema landeigandi heimili sérstaklega tjöldun á sínu landi, óháð því hvort um sé að ræða svæði nærri bústöðum manna eður ei.

Virðingarfyllst,  
  
Ásta Stefánsdóttir  Sveitarfélagið  
frankvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar **ÁRBORG**